

Dagbókarvinna:

FERLIÐ:

1. Barnið teiknar atburði dagsins í tímaröð.
2. Kennari setur inn sagnorð í **nafnhætti**. **Það er mjög mikilvægt að dvelja í nafnhætti**. Það fer síðan eftir nemanda hversu lengir hann dvelur í nafnhætti, en lágmark er ein vika. Það hefur komið fyrir að nemendur dvelja í nafnhætti í margar vikur. Einnig setur kennarinn inn einstaka nafnorð eða önnur orð sem mikilvæg eru í samhenginu.
3. Nafnorð eru síðan tekin út fyrir og skrifuð í nefnifalli og þolfalli. Það þarf alls ekki að kenna barninu málfræðiheitin á þessu stigi. **Nafnorðin eru lituð eftir kyni: rauður = kvenkyn, blár=karlkyn og grænn=hvorugkyn.**
4. Sagnorð í nafnhætti má undirstrika með gulum lit.
5. Eftir mikla endurtekningu, þ.e.a.s. þegar nemandi og kennari hafa unnið dagbókina svona nákvæmlega er komið að nútíð. Kennari tekur út öll sagnorð sem hafa komið fyrir í dagbókarvinnunni hingað til hjá nemandanum og setur þau í 1.persónu eintölu nútíð. Þetta er listað snyrtilega upp og sett í plast aftast í dagbókarmöppuna þannig að nemandinn sé fljótur að fletta þessu upp.
6. Nemandinn teiknar dagbók og skrifar setningar í nútíð. Hér þarf að kenna nútíðina í öllum persónu eintölu og fleirtölu þegar við á eða í upphafi þegar nútíðin er kennd. Þetta verður kennari að meta hverju sinni.
7. Nemandi getur svo hætt að teikna og farið að skrifa eingöngu.
8. Nemandi lærir þátíð sagnorðanna eins og hann lærði nútíð.
9. Nemandi skrifar dagbók í þátíð.
10. Nemandi er hvattur til að tjá sig í dagbókarskrifum. Mikilvægt er að koma barninu í skilning um að því meira sem það skrifar því meira lærir það. Það á ekki að líta á villur sem ósigur heldur sem leið til að læra meira

11. Það er mikilvægt að nemandinn hafi gamlar dagbækur hjá sér til að endurtaka ekki villur og til að læra af mistökum og því sem kennarinn hefur verið að benda á eða leggja inn.

Það er mögulegt að skrifa inn spurningar á dagbókarblöðin, sem síðan eru ljósrituð.

Dæmi um spurningar:

Hvaða árstíð er?

Hvaða mánaðardagur er?

Hvaða vikudagur er?

Hvernig er veðrið?

Hvaða dagur var í gær?

Hvaða dagur var í fyrradag?

Hvaða dagur er á morgun?

Hvaða dagur er ekki á morgun heldur hinn?

Hvernig er heilsan? (hérna má kenna þeim að svara: bara góð, ég er með höfuðverk, ég finn til í hálsinum, ég er kvefaður/kvefuð, ég er með tannpínu, ég finn til í maganum o.s.frv.)

Hvernig var dagurinn? Góður? Allt í lagi?

Sæmilegur? Slæmur?

Þetta er mjög gagnlegt fyrstu vikurnar en síðan er mikilvægt að fella þetta að einhverju leyti niður eða að öllu leyti þegar nemandinn hefur náð góðum tókum á þessu og er hvort sem er farinn að tjá sig um líðan, líkamlega og andlega, í dagbókarskrifunum.